

LÖG

**um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu,
nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins
að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu,
nr. 57/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 33. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 1. mgr. 4. gr., 19. gr. og 20. gr.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kærðu til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins,
nr. 73/1990, með síðari breytingum.**

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kærðu til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.